



Iðjubjálfafélag Íslands

Borgartúni 6 – 105 Reykjavík – S. 588 1885

Alþingi

Erindi nr. Þ 133/432

komudagur 1.12.2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 29.11.2006.

Umsögn vegna:

133.löggjafarþing 2006-2007
Þskj.282-273. mál

Frumvarp til laga um embætti landlæknis


Iðjubjálfafélag Íslands þakkar tækifæri til umsagnar um ofangreint frumvarp.

Iðjubjálfafélag Íslands fagnar því að fram komi lög um embætti landlæknis þar sem skýrar er kveðið á um hlutverk landlæknis og ekki síst eftirlits- og stjórnsluskyldur embættisins. Einnig er mikilvægt að heimildir almennings til að beina kvörtunum til landlæknis vegna heilbrigðisþjónustu eru útfærðar nánar og styrktar. Ástæða er til að fagna grein 11 í frumvarpinu, þar sem fjallað er um áætlun um gæðapróun innan heilbrigðisþjónustu og hlutverk landlæknis í því.

Engar athugasemdir eru gerðar við það af hálfu félagsins en vísað í fyrri umsögn frá ágúst s.l. þar sem bent er á þörf fyrir breytingar á lögum um iðjubjálfun nr. 75 frá 1977, varðandi umsögn námsbrautar í iðjubjálfun við Háskóla Íslands og bent á að frá árinu 1997 hefur verið starfrækt námsbraut í iðjubjálfun við Háskólann á Akureyri en engin námsbraut er við Háskóla Íslands.

Virðingarfyllst,

f.h. Iðjubjálfafélags Íslands


Lilja Ingvarsson formaður